



Maí 2026

Hvatarblaðið

Sveitarstjórn
613 fundur

Sveitarstjórn
614. fundur



Fundargerðir



Sýningar

1. maí föstudagur
2. maí laugardagur
3. maí sunnudagur - Lokasýning

Sýningar hefjast klukkan 14:00 í Íþróttaleikhúsi Sólheima

Miðaverð

- 4.000.- fyrir fullorðna
- 2.000.- fyrir börn 6-12 ára, ókeypis fyrir börn 0-6 ára
- 3.000.- fyrir hreyfihamlaða, ókeypis fyrir fylgdarmann
- 3.000.- fyrir eldri borgara

Leikfélag Sólheima símanúmer 847-5323

Miðasala á tix.is



Auglýsing um kosningar til sveitarstjórnar í
Grímsnes- og Grafningshreppi sem fara fram
laugardaginn 16. maí 2026



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Tveir listar eru í kjöri:

| A- listi Framboðslisti um öflugt samfélag í vaxandi sveitarfélagi | Ö - listi Betri sveit - fyrir okkur öll |
|---|---|
| 1. Guðmundur Finnbogason Skólastjóri, Hraunbraut 12 | 1. Andrés Bertelsen Rekstrarstjóri, Ótilgreint heimilisfang |
| 2. Rebekka Lind Guðmundsdóttir Umsjónarkennari, Hólsbraut 18 | 2. Ragna Ívarsdóttir Athafnakona, Ótilgreint heimilisfang |
| 3. Bergur Guðmundsson Þjónustumaður DeLaval, Brjánsstöðum | 3. Friðrik Guðmundsson Aðstoðar vallarstjóri GÖ, Stóra - Hálsi |
| 4. Ragnheiður Eggertsdóttir Matráður, Upphæðum 17 | 4. Viðar Marinósson Löggiltur fasteignasali, Ótilgreint heimilisfang |
| 5. Pétur Thomsen Myndlistarmaður, Upphæðum 3 | 5. Gunnlaugur I. Ingimarsson Rekstrarstjóri, Undirhlíð 12 |
| 6. Dagný Davíðsdóttir Proskapjálfi, Hraunbraut 27 | 6. Sandra Gunnarsdóttir Athafnakona, Ótilgreint heimilisfang |
| 7. Sigurður Yngvi Ágústsson Smiður/Bóndi, Stærri - Bæ | 7. Karl Heimir Karlsson Útvarpsmaður, Vaðnesi |
| 8. Halldór Þorbjörnsson Áhaldahús/Reiðkennari, Miðengi 6 | 8. Sigríður Björnsdóttir Skrifstofustjóri, Ótilgreint heimilisfang |
| 9. Örvar Bjarnason Kerfisfræðingur, Ásgarði 2 | 9. Lára Valgerður Júlíusdóttir Lögmaður, Ótilgreint heimilisfang |
| 10. Sigríður Kolbrún Oddsdóttir Heldri borgari, Snæfoksstöðum 99 | 10. Guðjón Kjartansson Sölumaður, Vaðnesi |

Kjörstaður verður í ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI á Borg í íþróttasalnum.

Kjörfundur hefst kl. 10:00 og lýkur kl. 20:00

Kjósendur geri grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum með mynd.

Atkvæði verða talin á sama stað strax að kjörfundi loknum.

Kjörstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps



Góður árangur Kerhólsskóla í Stóru upplestrarkeppninni

Tveir fulltrúar úr 7. bekk í Kerhólsskóla tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni á mánudaginn var við hátíðlega athöfn sem Skólaþjónusta Árnesþings stóð fyrir. Þar komu einnig saman nemendur frá Bláskógaskóla á Laugarvatni, Flóaskóla, Flúðaskóla, Reykholtsskóla og Þjórsárskóla.

Árangur nemenda Kerhólsskóla var einstaklega góður, en bæði komust þau á verðlaunapall. Þorbjörg Ásta Hallbjarnardóttir hafnaði í þriðja sæti og Hilmir Dreki Guðmundsson hreppti fyrsta sætið og stóð uppi sem sigurvegari keppinnar.

Í dómnefnd sátu Katrín Rut Sigurgeirsdóttir íslenskukennari við Fjölbautaskóla Suðurlands, Guðbjörg Arnardóttir sóknarprestur í Árborg og Anna Stefanía Vignisdóttir talmeinafræðingur.

Þess má líka geta að Harpa Jakobsdóttir, nemandi í 8. bekk í Kerhólsskóla og sigurvegari keppinnar í fyrra, flutti texta og ljóð fyrir gesti við athöfnina.

Við erum mjög hreykin af öllum flottu krökkunum okkar hér í Kerhólsskóla og framtíðin er sannarlega björt.



Þorbjörg Ásta Hallbjarnardóttir og Hilmir Dreki Guðmundsson



Harpa Jakobsdóttir



Óvæntur gestur frá Spáni orðinn bekkjarstjarna í 1.-2. bekk



Lúlli bekkjarstjarna

Það vakti töluverða lukku í 1.–2. bekk þegar óvæntur farþegi fannst í káli sem hafði ferðast alla leið frá Spáni. Þar reyndist vera lítill snigill sem hefur nú fengið nafnið Lúlli – og hefur á skömmum tíma orðið að sannkölluðu bekkjargæludýri.

Vel er hugsað um Lúlla í skólastofunni, þar sem hann býr í sérútbúnu boxi með alls kyns skrauti og þægindum. Nemendur fylgjast spenntir með ævintýrum hans, enda er hann duglegur að kanna umhverfið sitt – stundum aðeins of duglegur, því hann reynir reglulega að skríða upp úr boxinu sínu.

Kennarar og nemendur eru þó sammála um að það sé betra fyrir Lúlla að halda sig inni, þar sem íslenski kuldinn væri líklega ekki góður fyrir þennan spænska ævintýramann. Lúlli hefur því ekki bara ferðast langa leið heldur einnig fundið sér nýtt heimili og aðdáendur – og hver veit nema hann verði næsta stórstjarnan í Kerhólsskóla.



Nemendur í 1. bekk huga að Lúlla snigli



VINNUSKÓLI 2026

AUGLÝST ER EFTIR UNGLINGUM 13 – 16 ÁRA (2013 - 2010)
Í VINNUSKÓLA SVEITARFÉLAGSINS
FRÁ 8. JÚNÍ TIL OG MEÐ 17. JÚLÍ 2026.

**HÆGT ER AÐ SÆKJA UM RAFRÆNT Á HEIMSÍÐU
SVEITARFÉLAGSINS [HÉR](#)
Á SAMA STAÐ MÁ FINNA STARFSREGLUR VINNUSKÓLANS.**

TEKIÐ VERÐUR Á MÓTI UMSÓKNUM TIL OG MEÐ 1. MAÍ 2026

**NÁNARI UPPLÝSINGAR FÁST GEGNUM NETFANGIÐ
GOGG@GOGG.IS**





GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

VILTU LEIGJA BORD HJÁ OKKUR?

Ef þú ert að vinna hjá byggðasamlögum Grímsnes- og Grafningshrepps stendur þér til boða að bóka þér vinnuaðstöðu. Hafa þarf samband við Lindu, linda@gogg.is til að geta bókað.



Wi-Fi



Fundarherbergi



24/7



Kaffiaðstaða





MATSEÐILL MAÍ 2026

GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

| Mánudagur. | Þriðjudagur. | Miðvikudagur. | Fimmtudagur. | Föstudagur. |
|---|--|---|---|--|
| <i>Matseðill gæti breyst einhverja daga t.d. vegna: aðföng, dagskrá skóla o.fl.</i> | | | | 1. maí Verkalýðsdagurinn. |
| 4. maí Hakk, spaghettí, kartöflumús. Sveppasúpa. | 5. maí Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð og smjör. | 6. maí Kindabjúgu, kartöflur, uppstúf, rauðkál og grænar. Kjúklingabaunasúpa. | 7. maí Plokkfiskur, harðsoðin egg, rúgbrauð, smjör. | 8. maí Makkarónugrautur, brauð, álegg. |
| 11. maí Nautagúllas, kartöflumús. | 12. maí Fiskibuff, hrisgrjón, ostasósa. | 13. maí Kjúklingapasta, hvítlauksbrauð. | 14. maí Uppstigningardagur. | 15. maí Grjónagrautur, slátur, brauð, álegg. |
| 18. maí Íslensk kjötsúpa, rófur, kartöflur. | 19. maí Fiskur í raspi, kartöflur, laukfeiti, kokteilsósa. | 20. maí Píta, buff, grænmeti, pítusósa. | 21. maí Steikt lúða, hrisgrjón, paprikusósa. | 22. maí Blómkálssúpa, brauð, álegg. |
| 25. maí Annar í Hvítasunnu. | 26. maí Fiskibollur, kartöflur, karrysósa. | 27. maí Snitsel, kryddkartöflur, maís, piparsósa. Ofnsteikt grænmeti. | 28. maí Ofnbakaður fiskur, krydduð hrisgrjón, sweet chilismjör. | 29. maí Skyr, rjómi, brauð, álegg. |

Fæðuhringurinn



GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS

VERSLUNIN VALA

Opnunartími í
Grænu könnunni & Völu
alla virka daga 11:00 til 16:00
& helgar og helgidaga 11:00 - 17:00

MÖTUNEYTIÐ ER OPIÐ ALLA VIRKA
DAGA 11:30 TIL 13:00



Leirgerð



Kertagerð




Listasmíða



Smíðastofa




Jurtastofa



Vefstofa

VEFVERSLUN



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÍERT SAMFÉLAG

SUNNA

2026

Tómatafínsludagur fjölskyldunnar

Komið með fjölskylduna og fínið vistvæna
tómata í gróðurhúsinu okkar.

Opnunartími:

Apríl

mánudaga til föstudaga
13:00 - 16:00

Mái til miðjan ágúst

mánudaga til föstudaga
13:00 - 16:00

+

Laugardaga
13.00 - 17.00

Staðsetning:

Sólheimar í Grimsnesi



Sími:

+354 855 6060



Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2026

| | |
|------------------|---------------------------------------|
| 26/4 - 2/5 | Heimsping kvenfélaga í Ottawa, Kanada |
| 21. maí | Vorgleði í Mörkinni |
| 17. júní | Fjallkonan og kaffiláðborð |
| <u>júní/júlí</u> | Samverustund á Sólheimum |
| <u>júní/júlí</u> | Undirbúningur fyrir Grímsævintýri |
| <u>ágúst</u> | Vinna við Grímsævintýri |
| 22. <u>ágúst</u> | Grímsævintýri |
| 12. sept. | Hæstfundur |
| 3. okt. | <u>Skiptimarkaður</u> |
| 29. okt. | Grímuball |
| 22. nóv. | Jólabingó |
| 26. nóv. | Jólafundur |



Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.



BÓKASAFN/LIBRARY

GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPS

Opnunartímar í maí / opening hours in May:

Þriðjud./Tuesdays

kl. 15:30-17:00

Fimmtud./Thursdays

kl. 15:30-17:00

Ath. lokað fimmtud./thursday 14. maí.

Kvöldopnun / evening hours:

Handverksskvöld

12. maí kl. 19:30-21:30

Opið hús 60+

26. maí kl. 19:30-21:30

Kvöldopnun

28. maí kl. 19:30-21:30

Öll velkomin.

Félag 60+

**Í GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPI**



**FYLGSTU MEÐ Í HÓPNUM:
FÉLAG 60+ Í GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI**

**HEILSUBÓTARGANGA Á
ÞRIÐJUDÖGUM ÚT MAÍ**

KL. 10:30

**FYLGIST MEÐ DAGSKRÁ
HEILSUBÓTARGÖNGU Á FACEBOOK HÓPNUM
OKKAR**



OPNUNARTÍMI BÓKASAFNSINS:

ÞRIÐJUDAGA 15:30-17:00

MÍÐVIKUDAGA 15:30 -17:00



OPNUNARTÍMI

Í PRÓTTAMÍÐSTÖÐVAR

MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA

KL. 09:30-21:30

LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA

KL. 10:00-18:00



PÓRA GUNNARSDÓTTIR



FRÍÐRIK DAGUR ARNARSON.

MANNAUÐUR OG TÆKIFÆRI Í GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI

Pegar líður að sveitarstjórnarkosningum er eðlilegt að staldra við, líta yfir farinn veg og velta fyrir sér hvert skuli stefna. Niðurstaða kosninga hefur raunveruleg áhrif á framtíð samfélagsins – ekki aðeins í formi verkefna og framkvæmda, heldur einnig í því hvernig sveitarfélagið skilgreinir sjálft sig á tímum breytinga.

Staðan sem blasir við nýrri sveitarstjórn er að mörgu leyti ólík því sem var við upphaf aldarinnar. Þó margt sé líkt, hefur samfélagið tekið breytingum, ekki síst vegna þróunar í búsetuformum, atvinnuháttum og lífsgildum. Slíkar breytingar kalla á nýja hugsun og lausnamiðaða nálgun.

Eitt hefur þó ekki breyst: meginmarkmið sveitarstjórnar hlýtur ávallt að vera að efla og styrkja samfélagið. En hvað gerir sveitarfélag sterkt? Svarið liggur, líkt og áður, í samspili auðlinda og mannauðs. Spurningin er hins vegar hvaða þættir vega þyngst: er það íbúafjöldi, landrými eða tekjustofnar? Eða er það samfélagsandinn? Sú tilfinning að allir íbúar búi við sambærileg skilyrði, njóti sömu réttinda og beri sömu skyldur?

Íbúar Grímsnes- og Grafningshrepps eru fjölbreyttur hópur. Sumir eiga rætur að rekja langt aftur í sögu svæðisins, á meðan aðrir hafa nýlega sest þar að. Búsetuformin eru einnig mismunandi: hefðbundin íbúðarhús annars vegar og hús sem skilgreind eru sem frístundahús hins vegar. Þessi þróun endurspeglar breyttan veruleika í íslensku samfélagi þar sem aukin fjarvinna, tækniframfarir og breytt viðhorf til lífsgæða hafa gert fólki kleift að velja sér búsetu með öðrum hætti en áður.

Ástæðan fyrir því að fólk velur að flytja í dreifbýlið er sjaldnast flókin. Hún snýst ekki fyrst og fremst um fjárfestingar eða hámarksarðsemi fasteigna, heldur um lífsgæði. Fólk sækir í náttúruna, rýmið og rósemína. Þar sem sjóndeildarhringurinn er opinn og sólarlagið tilheyrir manni sjálfum, þar fær daglegt líf annan takt. Þetta eru gæði sem erfitt er að mæla í krónum, en skipta sífellt meira máli fyrir líðan og lífsgæði fólks.

Frístundabyggðir og búseta

Á síðustu árum hefur orðið áberandi breyting á notkun frístundahúsa. Margir eigendur verja nú æ stærri hluta ársins í slíkum húsum og vilja í auknum mæli búa þar allt árið. Þrátt fyrir þetta hafa reglur og skipulag oft ekki fylgt þessari þróun. Afleiðingin er sú að samfélagið nýtir ekki til fulls þann mannauð sem er til staðar.

Þetta er eitt af lykilviðfangsefnum framtíðarinnar: að tryggja jafnræði íbúa, óháð búsetuformi. Slíkt er ekki aðeins spurning um réttlæti, heldur einnig stefnumótandi ákvörðun um uppbyggingu samfélagsins. Þegar allir fastir íbúar eru viðurkenndir sem fullgildir þátttakendur skapast ný tækifæri. Þeir greiða útsvar, taka þátt í atvinnulífi og félagsstarfi og styðja við þjónustu og verslun. Með öðrum orðum: þeir styrkja samfélagið.

Mikilvægt er einnig að horfa til þess hvernig þróun ferðaþjónustu hefur haft áhrif á dreifbýli. Viðá hefur hefðbundinn landbúnaður átt undir högg að sækja og ferðaþjónusta tekið við sem tekjulind. Þó hún geti skilað einhverju framlagi, fylgja henni einnig áskoranir. Þegar frístundahús breytast í útleigugeiningar eða hótél minnkar hlutfall fastra íbúa og þar með stöðugleiki samfélagsins. Samfélög byggjast á fólki sem kys að vera, ekki þeim ferðamönnum sem koma og fara. Fastir íbúar halda uppi þjónustu, taka þátt í félagslífi og skapa þann stöðugleika sem er forsenda blómlegs samfélags. Því er mikilvægt að stefna sveitarfélaga taki mið af þessu jafnvægi.

Hver er raunin?

Raunin í Grímsnes- og Grafningshreppi bendir þó til þess að tækifærin hafi ekki verið nýtt til fulls. Í stað þess að fagna aukinni búsetu í dreifbýli hefur í sumum tilvikum verið lagst gegn henni. Dæmi eru um að fólk sem vill setjast að í sveitarfélaginu sé hvatt til að flytja í þéttbýliskjarnann á Borg. Slík nálgun gengur þvert á ástæður þess að fólk velur svæðið, að komast frá þéttbýli en ekki inn í það.

Þá skortir einnig skýra og gagnsæja stefnu um hvernig skuli meðhöndla breytingar á skráningu frístundahúsa yfir í íbúðarhús. Sveitarfélagið hefur þó í einhverjum tilvikum sýnt að sveigjanleiki er mögulegur. Dæmi eru um að skráningu frístundahúsa hafi verið breytt yfir í íbúðarhús, vegna stærða lóða. Þessar tilfæringar eru þó ekki hluti af skilgreindri og gagnsærri stefnu sem skapar augljóst ójafnvægi og óréttlæti. Tveimur mjög sambærilegum húsum, byggðum samkvæmt sömu stöðlum og með sömu aðstöðu, getur fylgt gjörólíkur réttur, eingöngu vegna stærðar lóða. Núverandi framkvæmd getur því leitt til mismununar þar sem íbúar njóta ekki sömu meðhöndlunar í kerfinu. Slíkt skapar óöryggi og dregur úr trausti til stjórnslunnar.

Vert er að hafa í huga að mörg frístundahús sem byggð hafa verið á síðustu árum uppfylla allar kröfur um heilsársbúsetu. Þau eru byggð samkvæmt sömu stöðlum og íbúðarhús hvað varðar einangrun, burðarþol, brunavarnir og aðbúnað. Munurinn liggur því ekki í gæðum húsanna heldur í skipulagslegri skilgreiningu.

Lausnamiðuð nálgun!

Spurningin sem sveitarfélagið stendur frammi fyrir er því einföld: á að halda í úreltar skilgreiningar eða laga skipulagið að raunveruleikanum? Lausnin felst ekki í stjórnleysi heldur í skýrri stefnu sem viðurkennir breyttar aðstæður og nýtir þær til uppbyggingar.

Þeir sem kjósa að búa í dreifbýli gera sér almennt grein fyrir aukinni sjálfsábyrgð sem því fylgir. Verkefni á borð við snjómokstur og sorphirðu eru oft í þeirra höndum. Þetta er hluti af valinu og flestir eru tilbúnir að axla þá ábyrgð. Á móti kemur að samfélagið nýtur ávinningsins: auknar tekjur í formi skatta og gjalda, aukin þátttaka í atvinnulífi og fjölbreyttari samfélagsgerð. Reynslan úr nágrannasveitarfélögum sýnir að sveigjanleg nálgun getur skilað árangri án þess að ganga á sérstöðu eða lífsgæði.

Kjarni málsins er því ekki hvort breytingar séu mögulegar, heldur vilji sé til staðar. Samfélagið hefur breyst og krefst þess að kerfið taki mið af þeirri þróun.

Framtíð Grímsnes- og Grafningshrepps ræðst af því hvernig tekst að virkja þann mannauð sem þar býr óháð því hvort fólk býr í hefðbundnu íbúðarhúsnæði eða því sem áður var skilgreint sem frístundahús. Með því að skapa jafnræði, skýra stefnu og jákvætt viðhorf til breytinga er hægt að byggja upp sterkara og sjálfbærara samfélag.

Viljinn er allt sem þarf.

Höfundar eru Þóra Gunnarsdóttir og Friðrik Dagur Arnarson.

Höfundar eru íbúar í Grímsnes- og Grafningshrepp og stuðningsfólk Betri sveitar.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæsla Uppsveita

Heilsugæsla Uppsveita er opin
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímapantanir og bókun í símaviðtal
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni
þarf að liggja fyrir.



HEILSUEFLANDI
samfélag

velliðan fyrir alla



JÞ Verk Jarðvinnuverktaki

- Tökum að okkur allt frá upphafi framkvæmda og að síðasta frágangi umhverfis hús og lóðarvinnu.
- Vegir og plön
- Húsgrunnar
- Fyllingar í púða og sökklá
- **Snjómokstur**

**Ekki hika við að hafa samband ef þú hefur einhverjar
spurningar í síma 848-1123 í skilaboðum eða á
johannes@jthverk.is**



Sorphirðudagatal 2026

Grímsnes- og Grafningshreppur

GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

| janúar | | | | | | |
|--------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
| | | | | 1 | 2 | 3 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 |
| 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 |
| 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 |
| 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | 31 |

| febrúar | | | | | | |
|---------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 |
| 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 |
| 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 |

| mars | | | | | | |
|------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 |
| 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 |
| 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 |
| 29 | 30 | 31 | | | | |

| apríl | | | | | | |
|-------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
| | | | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 |
| 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 |
| 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 |
| 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | | |

| maí | | | | | | |
|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
| | | | | | 1 | 2 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 |
| 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 |
| 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 |
| 31 | | | | | | |

| júní | | | | | | |
|------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 |
| 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 |
| 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 |
| 28 | 29 | 30 | | | | |

| júlí | | | | | | |
|------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
| | | | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 |
| 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 |
| 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 |
| 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | 31 | |

| ágúst | | | | | | |
|-------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
| | | | | | | 1 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 |
| 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 |
| 23 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 |
| 30 | 31 | | | | | |




| september | | | | | | |
|-----------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 |
| 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 |
| 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 |
| 27 | 28 | 29 | 30 | | | |

| október | | | | | | |
|---------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
| | | | | 1 | 2 | 3 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 |
| 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 |
| 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 |
| 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | 31 |

| nóvember | | | | | | |
|----------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 |
| 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 |
| 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 |
| 29 | 30 | | | | | |

| desember | | | | | | |
|----------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 |
| 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 |
| 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 |
| 27 | 28 | 29 | 30 | 31 | | |

Breytingar geta orðið á losunardögum sökum óviðráðanlegra aðstæðna. Losun fer þá fram við fyrsta mögulega tækifæri.

-  Blandaður úrgangur og Matarleifar
-  Pappi&pappír og Blandaðar plastumbúðir
-  Heyrúlluplast



Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

| Mánudaga | Þriðjudaga | Miðvikudaga | Fimmtudaga | Föstudaga | Laugardaga | Sunnudaga |
|----------|------------|-------------|------------|-----------|------------|-----------|
| Lokað | 13-16 | Lokað | 13-16 | 13-16 | 10-16 | Lokað |

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

| Mánudaga | Þriðjudaga | Miðvikudaga | Fimmtudaga | Föstudaga | Laugardaga | Sunnudaga |
|----------|------------|-------------|------------|-----------|------------|-----------|
| Lokað | 13-15 | Lokað | 13-15 | Lokað | 13-16 | Lokað |

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMLISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐIN Borg



Vetraropnun

Mánudaga - Föstudaga 09:30 - 21:30
Laugardaga og sunnudaga 10:00 - 18:00

- 1. maí - Verkalýðsdagurinn: 10:00-18:00
- 14. maí - Uppstigningardagur: 10:00-18:00
- 24. maí - Hvítasunnudagur: 10:00-18:00
- 25. maí - Annar í hvítasunnu: 10:00-18:00

**Nú er hægt að kaupa mismunandi áskriftaleiðir í
Ípróttamiðstöðina okkar**

[Sjá hér](#)

**Hvetjum alla til að prófa þessa frábæru aðstöðu.
Tökum vel á móti öllum**

**Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun**

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 - 5530

| | |
|---|---|
| RITSTJÓRI HVATARBLAÐSINS LINDA SVERRISDÓTTIR | ÁBYRGÐARMAÐUR ÞORLEIF HOFFMANN GUNNARSDÓTTIR |
| Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á netföngin: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is | https://www.gogg.is/ |